

Stjórnarfundur

Fundargerð miðvikudaginn 8. maí 2025

Mættir á skrifstofu félagsins: Heimir Karlsson, Vignir Traustason, Árni Sverrisson, og Páll Ægir.

Á fjarfundi: Pálmi Gauti Hjörleifsson, Jón Frímann, Tryggvi Eiríksson og Kristinn Hólmlaug

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:30.

Dagskrá stjórnarfundar

1. Ás fór yfir dagskrá aðalfundar sem verður á Grand hótel samkvæmt venju þann 30 maí nk.
ÁS sagði frá skipun í fulltrúaráð sjómannadagsráðs sem samþykkt var í stjórn. Nokkur umræða um heiðranir, gagnrýni kom fram á fundinum varðandi fyrirkomulag eins og það hefur verið undanfarin ár. ÁS sagði að taka þyrfti þetta mál upp á vettvangi fulltrúaráðsins. Gagnrýnin snýst um að FS kemur eingöngu að heiðrunum félagsmanna sinna á höfuðborgarsvæðinu í gegnum Sjómannadagsráð. Áður fyrr voru nokkur skipstjóra- og stýrimannafélög á landsbyggðinni sem sameinuðust árið 2004 í FS, en þau stóðu að heiðrun félagsmanna sinna. Staðan er breytt í dag, víða hefur þessi siður á sjómannadaginn lagst af á landsbyggðinni. Fundarmenn voru almennt sammála um að taka ætti upp heiðranir aftur úti á landi, það þyrfti hins vegar að útfæra fyrirkomulagið. ÁS tekur þetta mál upp á sjómannadagsráðsfundi 13 maí nk. Nokkur umræða skapaðist um málið og hverning best væri að standa að því.
2. Rætt um stjórnarlaun sem eru til ákvörðunar á aðlfundi. Ákveðið að tillaga stjórnar verði um óbreytt stjórnarlaun 50.000 kr. pr/fund. Ákveðið að hafa stjórnarfund fljótlega eftir aðalfund. Á þeim fundi verða tekin fyrir ýmis mál sem rædd verða á aðalfundinum en þarf frekari umræðna og ákvarðana stjórnar.
3. Ársreikningur FS árið 2024. Kynning fyrir aðalfund. Endurskoðandi búinn að skila inn ársreikningum. All verður klárt fyrir 30 maí. Nokkur samdráttur hefur verið á tekjuhlíð félagsins m.a. vegna loðnubrests sem nemur 28 milljónum króna.
4. Umsagnir félagsins. ÁS sagði frá umsögnum sem hann sendi inn á samráðsgátt vegna frumvarpa m.a. um veiðigjöld, um breytingar á lögum um áhafnir skipa, tillaga um fasta starfsstöð þyrlu LHG og fjármálaáætlun fyrir árin 2026 – 2030.
5. Sameiningartillaga Vísíus félags skipstjórnarmanna á Suðurnesjum við Félag skipstjórnarmanna verður borin upp til atkvæða á aðalfundinum.
ÁS leggur til að hann undirbúi að möguleiki verði á rafrænni atkvæðagreiðslu um tillöguna en gerum ráð fyrir að þess þurfi ekki.
Tillagan hljóði þannig: „Á aðalfundi í Vísi félagi skipstjórnarmanna á Suðurnesjum sem haldinn var þann 29. desember 2024 var samþykkt tillaga formanns um að óska eftir sameiningu við Félag skipstjórnarmanna. Í framhaldi af því var haldin atkvæðagreiðsla um sameininguna meðal félagsmanna í Vísi. Tillagan var samþykkt með 69,39% atkvæða.“ Stjórn FS leggur til að tillagan verði samþykkt um sameiningu Vísíus við Félag skipstjórnarmanna.

Vætanlega verða ekki tekin fyrir önnur mál sem greiða þarf atkvæði um.

Aðalfundur verður auglýstur í dag á netinu en það ber að auglýsa hann með 21 dags fyrirvara.

6. Íbúðamál.

ÁS sagði frá íbúðakaupum félagsins og sölu á eldri íbúðunum. Bústaðurinn í Skorradal fer í leigu frá og með næstu mánaðarmótum.

HK leggur til að skipuð verði nefnd sem fer í sumarbústaðina á vorin til að yfirfara og undirbúa þá fyrir sumarleiguna. ÁS upplýsti að Sólar fer yfir bústaðina og gerir heilþrif einu sinni á ári. Sama máli gegnir um íbúðirnar fyrir norðan, þær eru þrifnar einu sinni á ári. PG leggur til að ein manneskja verði fengin til að sjá um þrif á íbúðunum og bústöðunum bæði hjá Sólar og Afa Munda. Fundarmenn voru sammála því.

HK vill klára umræðu um gömlu bústaðina þrjá á Laugarvatni. Hér er um að ræða Laugarból, Hrannarból og Sæból. Þeir eru komnir til ára sinna og fólk vill síður leigja þá út heldur en Ægisból sem er vinsæll bústaður til útleigu. Auk þess verður kostnaðarsamt að gera þá upp eins og þyrfti. Hugmynd er m.a. um að selja þá til óskildra aðila og verða þá lóðirnar til leigu en í eign FS. Þetta mál þarf að gaumgæfa vandlega og þarfnast frekari umræðu því fram kom á fundinum að þessir gömlu bústaðir tengjast eldri félagsmönnum tilfinningaböndum, sumum líður vel í þeim og vilja gjarnan halda í þá innan félagsins. ÁS lagði til að umræða um framtíðaráform varðandi bústaði og íbúðir yrði á næsta stjórnarfundi, þegar fyrir lægi hvort af sameiningu við Vísi yrði. Það var samþykkt.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:00



Arni Sverrisson.

Árni Sverrisson formaður



Páll Ægir Petursson

Páll Ægir Petursson fundarritari